

Laugardagurinn 8. maí

09:30	Húsið opnar. Heitt á könnunni.
09:50	Setning. <i>Ingibjörg E. Guðmundsdóttir</i> , forseti landssambands DKG á Íslandi.
10:00	Tími, rými og nám: Ný tækni og tækifæri. <i>Sólveig Jakobsdóttir</i> , prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Í erindinu er fjallað um nýtingu stafrænnar tækni í menntun á Íslandi og þróun fjar- og netnáms á mismunandi skólastigum. Áhrif COVID-faraldursins á nemendur og skólastarf eru skoðuð í þessu sambandi og litið til rannsókna hér á landi og erlendis. Fjallað er um hversu vel grunn- og framhaldsskólar virtust vera í stakk búnir til að takast á við nýjar aðstæður sem sköpuðust með engum fyrirvara. Þá er rætt um þróun menntunar og tækifæri sem felast í þeim reynslubanka skólafólks og almennings sem myndast hefur á undanförunum misserum með stóraukinni nýtingu stafrænnar tækni og netlausna í námi og störfum.
10:35	Framhaldsskólinn og samkomubann á tímum COVID-19: Kreppa, áskoranir og aðlögun. <i>Guðrún Ragnarsdóttir</i> , lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. COVID-19 faraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á starfsemi íslenskra framhaldsskóla í heilt ár. Á einni helgi breyttust heimilin í kennslustofur, vinnustað foreldra og á ákveðnu tímabili skóla fyrir yngstu börnin. Erindið fjallar um fyrstu niðurstöður rannsóknar sem hlaut styrk úr Rannís snemma árs 2021. Nú þegar hefur fjölbreyttra gagna verið aflað í þremur ólíkum framhaldsskólum. Gögnin eru bæði á formi spurningalista og viðtala (N=44). Eftir tvö ár verða þessir þrjú framhaldsskólar heimsóttir aftur og nemendum fylgt eftir í náminu. Þetta er gert til að leggja mat á langtímaafleiðingar og aðlögun framhaldsskólastarfs. Rannsóknin hefur það að markmiði að skoða hvernig skólafólk (stjórnendur, námsráðgjafar og kennarar) í framhaldsskólum, nemendur og foreldrar tókust á við nýjan raunveruleika.
11:05	Hreyfihlé.
11:15	Nám framtíðar, hvernig lítur það út? <i>Auðbjörg Björnsdóttir</i> , forstöðumaður Kennslumiðstöðvar Háskólans á Akureyri. Upplýsingatækni og framþróun hennar hefur verið veruleg síðustu ár og áratugi. Áhrif hennar á nám og kennslu hafa einnig verið töluverð, þó sérstaklega seinasta árið vegna Covid heimsfaraldursins. Hefðbundin staðarkennsla þurfti skyndilega að færast yfir í fjarkennslu á neyðartímum þar sem notast var við margt úr fjar- og dreifikennslu. Á meðan á öllu þessu stendur erum við líka stödd inni fjórðu iðnbyltingunni með öllum þeim breytingum sem henni fylgja. Það er því upplagt að staldra við, halda sér aðeins í og velta fyrir sér hver verða áhrif þess á kennslu framtíðar; Hvernig mun hún líta út og hvernig undirbúum við nemendur okkar og okkur sjálf fyrir nám framtíðar?

11:45	Umræður. Ein spurning frá hverjum fyrirlesara. Skil úr umræðum verð á rafrænu formi í Padlet , einn dálkur fyrir hverja spurningu. Þar setja hópar niðurstöður umræðna. Sjá slóð á Padlettuna: https://padlet.com/ingileif/DKG2021
12:15	Hádegisverður.
13:15	Samantekt úr umræðum. Padlettunni varpað á vegg og allir geta séð og rætt niðurstöður allra hópa.
13:45	Hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í íslensku samfélagi. <i>Guðjónína Sæmundsdóttir</i> , forstöðumaður Símenntunarmiðstöðvar Suðurnesja. Í erindinu verður fjallað um fræðslu og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi. Hvaða hlutverki þær gegna í samfélaginu, lög um framhaldsfræðslu, rekstrarumhverfi, kennsluaðferðir og íslenskukennslu fyrir útlendinga. Sérstaklega verður fjallað um Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og þau verkefni sem miðstöðin sinnir þar að auki s.s. aðstöðu sem veitt eru fjarnemendum á háskólastigi og Samvinnu starfsendurhæfingardeild.
14:15	Erindi frá alþjóðasamtökunum. <i>Grace Rodriguez-Mesa</i> frá Panama mætir í gegnum Zoom.
14:45	Hlé til að fara í Stapaskóla.
15:15	Heimsókn og kynning á Stapaskóla, sem er skóli fyrir börn á aldrinum 18 mán til 14 ára. <i>Gróa Axelsdóttir</i> , skólastjóri Stapaskóla.
16:15	Þingslit.